

Skólaráðsfundur 5. 5. 2015

Mættir: Guðlaug Erla, Anna Rakel, Haraldur, Yrsa Löve, Atli, Kristján Bjarki

- **Skóladagatal**

Farið yfir skóladagatal, skerta daga og starfsdaga. Farið yfir alla merkta daga.

Danskeppnin verður haldin í byrjun gleðiviku (þriðjudaginn 15. mars). Mánudagurinn 14. mars fer í að skipuleggja sig þ.e. velja stöðvar o.þ.h.

Skólaráð samþykkir þessa tillögu að skóladagatali.

- **Reglur um auglýsingar í skóla- og frístundastarfi**

Íþróttafélögin geta sent póst á foreldra í gegnum *frístundagátt*. Mega ekki koma í skólann á skólatíma en gætu fengið skólann að láni og farið í gegnum foreldrafélögin. Íþróttafélögin hérna í hverfinu þurfa þá að hafa samband við Ársel og senda í gegnum þá. Guðlaug ætlar að kanna hvort íþróttafélögin gætu verið með bás fyrir foreldra á 1. bekkjarkynningunni. Eins að hafa eitt kvöld þar sem íþrótt- og tómstundafélög væru með kynningar á dagskrá vetrarins, það væri þá í gegnum foreldrafélagið. Gæti verið samstarfsverkefni með íbúasamtökum, íþróttafélögum o.f.l. Halli ætlar að taka þetta upp á fundi hjá Fram og eins að stinga upp á badminton/borðtennis æfingum.

- **Næsti fundur**

Hugmynd um að hafa sameiginlegan fund með foreldrafélaginu og nemendafélagi. Þá fara fulltrúar nemenda úr skólaráði í alla bekkir og koma með ábendingar frá nemendum. Gert ráð fyrir um 2 tímum. Ákveðið að hafa næsta fund **þriðjudaginn 26. maí kl. 13:30**.